

Heiti: Reikningsskrímsli! – Math Monster!

Stærðfræðispil

Aldur: 8 - 99

Fjöldi leikmanna: 2 - 4

Leiktími: um það bil 10 mínútur

Innihald: 36 skrímslaspil með tölum, 16 stærðfræðitákn í fjórum litum.

Hugmynd og markmið:

Hjálp! Talnaskrímslin ráðast á okkur! En óttist ekki. Þið getið veitt þau í gildru með gáfum og góðu minni.

Markmiðið er að búa til rétt uppsett reikningsdæmi og nota þrjú talnaskrímsli/skrímslaspil í einu. Viðurkenning fyrir rétta lausn/svar er talnaskrímsli.

Undirbúningur:


Stokkaðu spilin, snúðu þeim á hvolf á miðju borði. Hver leikmaður fær fjögur stærðfræðitákn (öll í sama lit) og leggur þau á borðið fyrir framan sig. Allir eiga að sjá táknin fyrir plús, mínus, margföldun og deilingu.

Gangur spilsins:

Leikið er réttisælis. Sá sem er með hættulegasta skrímslið hefur leik. Byrjað er á að snúa við þremur skrímslaspilum.

Getur þú búið til rétt uppsett reikningsdæmi með því að nota þrjú talnaskrímsli/skrímslaspil og stærðfræðitáknin þín?

- **Já. Flott!** Reiknaðu dæmið fyrir framan hina leikmennina. Ef þú hefur reiknað rétt mátt þú halda spilinu sem sýnir útkomuna. Snúðu hinum tveimur spilunum við/á hvolf. Settu stærðfræðitáknin sem þú notaðir til hliðar.



- **Nei. Það er leitt.** Snúðu öllum spilunum á hvolf þegar aðrir leikmenn hafa séð þau.

Nú snýr næsti við þremur skrímslaspilum.

Áríðandi: Þegar þú hefur lagt stærðfræðitákn til hliðar þá átt þú færri tákn eftir síðar í spilinu. Þú verður að nota mismunandi tákn fyrir útreikning í hverju dæmi.

Leikslok:

Sá sem er fyrstur að safna fjórum skrímslum vinnur.

Þýðing: Eirný Valsdóttir